

Sveitarfélag ársins 2025

fréttatilkynning



Fimmtudaginn 30. október fór fram viðburðurinn *Sveitarfélag ársins 2025* en sú útnefning var nú fjórða árið í röð. Þar voru kynntar niðurstöður úr árlegri könnun Gallup um starfsánægju í sveitarfélögum landsins og veitt verðlaun þeim sveitarfélögum sem sköruðu fram úr í ár.

Hrund Hlöðversdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðssjóðsins Heklu, opnaði hátíðina og fór í stuttu máli yfir tilurð verkefnisins og hlutverk sjóðsins í því að styðja við mannauðspróun innan sveitarfélaga. Að lokinni setningu Hrundar fluttu Sædís Lind Másdóttir og Fríða Hansen fallegt tónlistaratriði sem skapaði hátíðlega stemningu í salnum.

Eftir tónlistaratriðið hélt Tómas Bjarnason frá Gallup erindi undir yfirskriftinni „*Er starfsfólk sveitarfélaganna ánægt í starfi? Hvað skapar starfsánægju og af hverju er hún mikilvæg?*“ Þar fjallaði hann um helstu niðurstöður könnunarinnar og dró fram lykilþætti sem hafa áhrif á starfsánægju, svo sem traust, samskipti og góða stjórnun. Í máli Tómasar kom fram að sterk tengsl séu milli starfsánægju, lífsánægju og árangurs vinnustaða. Hann lagði áherslu á mikilvægi hvatningar og sagði: „Ef að hvatningin er ekki til staðar þá gerir fólk bara miklu minna.“

Að erindi loknu fluttu Sædís og Fríða annað tónlistaratriði áður en Tómas tók aftur til máls og kynnti niðurstöður könnunarinnar um *Sveitarfélag ársins 2025*. Þá var farið yfir aðferðafræði, vægi einstakra þátta og samanburð við fyrri ár.

Að lokum afhenti Árný Erla Bjarnadóttir, formaður FOSS stéttarfélags, viðurkenningar þeim sveitarfélögum sem hlutu efstu sæti í könnunni *Sveitarfélag ársins 2025*:

1. **Bláskógarbyggð**
2. **Grímsnes- og Grafningshreppur**
3. **Hrunamannahreppur**
4. **Skeiða- og Gnúpverjahreppur**

Viðburðurinn var vel heppnaður og undirstrikaði mikilvægi þess að efla starfsánægju, samskipti og traust innan sveitarfélaga.

Sveitarfélögum er boðið að taka þátt fyrir hönd alls síns starfsfólks og það er gleðilegt að sú þátttaka hefur aukist ár frá ári. Könnunin er ein af stærri vinnumarkaðskönnunum

sem framkvæmd er hér á landi og vonir standa til að sífellt fleiri sveitarfélög muni koma á vagninn á næstu árum og taka þátt fyrir allt starfsfólk.

Nánari upplýsingar og upptaka af viðburðinum má finna á heimasíðunni sveitarfelagarsins.is og á Facebókarsíðu verkefnisins.